

Fimmtudaginn 1. október 1998.

Nr. 436/1997.

Íslenska ríkið

(Einar Karl Hallvarðsson hrl.) **og**

héraðsnefnd Austur-Húnavetninga

(Jón Sveinsson hrl.)

gegn

Pípulagnaverktökum ehf.

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Verksamningur. Umboð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson, settur hæstaréttar-dómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 21. og 22. október 1997 og krefjast hvor um sig aðallega sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast áfrýjendur lækkunar á kröfu stefnda og að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði staðfestur og áfrýjendur dæmdir til að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst stefndi þess, að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða sér 1.042.689 krónur „pro rata í hlutföllunum“ íslenska ríkið 85% og héraðsnefnd Austur-Húnavetninga 15%. Einnig krefst hann þess, að „fjárhæðir beri dráttarvexti“ samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993, og loks málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. og 3. mgr. 34. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu skal ríkissjóður greiða 85% kostnaðar við byggingu heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa, sem sveitarfélögum er skylt að taka þátt í framkvæmdum við. Hlutaðeigandi sveitarfélag skal greiða 15% kostnaðarins. Í 3. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 34. gr. laganna kemur fram, að ríkissjóður og sveitarfélög teljast eigendur þeirra bygginga, sem hér um ræðir, í hlutfalli við framlög sín.

Í lögum nr. 63/1970 um skipan opinberra framkvæmda eru al-

mennar reglur um, hvernig haga skuli undirbúningi og samningsgerð vegna opinberra framkvæmda. Samkvæmt 1. gr. laganna merkir opinber framkvæmd gerð eða breytingu mannvirkis, sem kostuð er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti, enda nemi áætlaður kostnaður ríkissjóðs að minnsta kosti nánar tiltekinni lágmarksfjárhæð, sem fjármálaráðuneytinu er heimilt að breyta til samræmis við verðbreytingar. Áfrýjandi íslenska ríkið og stefndi hafa meðal annars vísað til þessara laga til stuðnings kröfum sínum. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um, hvort fjármálaráðuneytið hefur tekið ákvörðun um breytingu lágmarksfjárhæðar samkvæmt ákvæði í 2. mgr. 1. gr. laganna.

Í lögum nr. 63/1970 er kveðið á um sameiginlegar verklegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélags. Segir meðal annars um þær í 2. mgr. 14. gr. laganna, að sveitarfélag annist útboð, undirbúning samningsgerðar við verktaka, reikningshald og greiðslur vegna verksins, nema öðruvísi um semjist eða fjármálaráðherra ákveði annað. Samningur um sameiginlega framkvæmd ríkis og sveitarfélags skal samkvæmt 16. gr. laganna undirritaður af báðum eða öllum aðilum, nema um annað sé samið. Í 17. gr. er meðal annars mælt svo fyrir, að Innkaupastofnun ríkisins skuli ráða einn eða fleiri sérfróða menn, sem hafi eftirlit með framkvæmd verksamnings. Skuli eftirlitsmenn samþykktir af eignaraðilum sameiginlega. Þá skuli í sérstöku erindisbréfi kveða á um störf og valdsvið eftirlitsmanna. Skýrslur eftirlitsmanna beri að senda öllum aðilum að framkvæmdum.

II.

Í febrúar 1991 lágu fyrir útboðsgögn vegna fyrirhugaðrar grófjöfnunar lóðar og lagningar jarðvatnsleiðslna o. fl. við héraðssjúkrahúsið og heilsugæslustöðina á Blönduósi. Þrjú tilboð bárust í verkið. Var eitt þeirra frá nafngreindum manni þar í bæ. Í bréfi til hans 29. apríl 1991 samþykkti framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins tilboð þetta og lét þess getið í bréfinu, að með því teldist vera kominn á bráðabirgðaverksamningur. Ekki var ritað undir endanlegan verksamning fyrr en seinni hluta árs, en samkvæmt honum voru verkkaupar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Blönduós-bær. Var hann undirritaður af verktaka og báðum verkkaupum.

Þessu verki lauk síðar á árinu, en þá voru eftir nokkrir verkþættir, sem verksamningurinn 1991 tók ekki til. Um hann er ekki deilt í málinu.

Samkvæmt greinargerð áfrýjanda héraðsnefndar Austur-Húnavetninga ákváðu hann og byggingarnefnd heilsugæslustöðvar (sjúkrahúss) á Blönduósi vorið 1992 að ljúka lóðarframkvæmdum, þó að fjárframlag úr ríkissjóði væri ekki tiltækt nema að litlum hluta. Þetta mun hafa verið gert í samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, sem ritaði stjórn sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar á Blönduósi bréf 18. júní 1992. Í bréfinu staðfestir ráðuneytið, að það fallist á, „að heimaaðilar taki að sér framkvæmdir við endanlega lóðarlögun“ við sjúkrahúsið. Jafnframt kemur fram í bréfinu, að fé hafi ekki verið veitt til verksins, og sé það því á ábyrgð héraðsnefndar að sjá fyrir fjármagni, uns fjárlagaheimild fást.

Óumdeilt er, að komið hafi í hlut formanns fyrrnefndrar byggingarnefndar, Ófeigs Gestssonar, þáverandi bæjarstjóra Blönduósbæjar, að semja við verktaka um framkvæmdir þessar, en þær fólust einkum í því að leggja skulp- og vatnsleiðslur á lóð héraðssjúkrahússins. Ekki er ágreiningur um, að tæknideild Blönduósbæjar hafi tekið að sér að líta eftir verkinu, eins og verið hafði við aðra áfanga byggingarinnar.

Málsaðilar deila um greiðslu fyrir verk þetta, sem unnið var af stefnda. Mun það að mestu hafa verið unnið í júlí 1992. Verksamningur var munnlegur. Jóhannes Pétursson, framkvæmdastjóri stefnda, og Ófeigur Gestsson skýrðu báðir svo frá fyrir dómi, að þeir tveir hefðu í upphafi samið um verkið heima hjá Jóhannesi. Ekki er ljóst, hvort endanlegur samningur hafi komist á þá eða síðar eða hvort Guðbjartur Ólafsson, tæknifræðingur Blönduósbæjar, hafi tekið þátt í samningsgerð. Guðbjartur hafði hins vegar eftirlit með verkinu fyrir hönd áfrýjanda héraðsnefndar Austur-Húnavetninga. Samkvæmt framburði fyrir dómi höfðu þeir Jóhannes og Guðbjartur allnáið samráð, eftir því sem verkinu miðaði áfram. Jóhannes bar, að á verktímanum hefði Guðbjartur beðið um, að unnin yrðu ýmis viðbótarverk, en ekki hefði verið samið sérstaklega um greiðslu fyrir þau.

Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að formaður byggingarnefndar

hafi við gerð hins munnlega verksamnings komið fram gagnvart stefnda í umboði áfrýjanda íslenska ríkisins. Stefndi hefur ekki heldur bent á önnur atvik eða ákvæði laga, sem leitt gætu til þess, að þessi áfrýjandi yrði skuldbundinn gagnvart stefnda samkvæmt samningi þeim, sem um er deilt í málinu.

Verður því að sýkna áfrýjanda íslenska ríkið af kröfum stefnda. Um skuldaskil áfrýjenda sín á milli verður ekki dæmt í máli þessu.

III.

Áfrýjandi héraðsnefnd Austur-Húnavetninga hefur lýst sig bundinn gagnvart stefnda af hinum munnlega verksamningi, sem áður er lýst, en heldur fram, að með greiðslu nefndarinnar 21. maí 1993 á reikningi stefnda, að fjárhæð 1.043.018,67 krónur, hafi hann fengið fulla greiðslu fyrir verk sitt. Áfrýjandi telur einnig, að þeir liðir í reikningi stefnda, sem komnir eru til „fyrir aukaverk, tímavinnu, vélavinnu, efniskostnað eða akstur“, eigi sér enga stoð í samningi, hvorki munnlegum né skriflegum.

Stefndi kveður verkið, sem upphaflega samdist um munnlega með þeim Ófeigi Gestssyni og Jóhannesi Péturssyni, hafa falist í að leggja skolp- og vatnsleiðslur í bifreiðastæði við heilsugæslustöðina, áður en malbikaður væri sá hluti sjúkrahússlóðarinnar, sem þá var ólokið frágangi á. Hina eiginlegu lagnavinnu hafi átt að greiða á grundvelli sama einingarverðs og lagt hafi verið til grundvallar í verksamningnum árið áður, en stefndi vann hluta af því sem undirverktaki fyrir aðalverktaka. Hins vegar skyldi jarðvegsvinna, sem munnlegi samningurinn tók til, greidd á grundvelli taxta fyrir tíma-vinnu. Segir stefndi, að eftir að hið umsamda verk var byrjað, hafi eftirlitsmaður verkkaupa, Guðbjartur Ólafsson, óskað eftir nokkrum vinnuþáttum til viðbótar, svo sem vinnu við niðurföll og brunna í bifreiðastæði, lagningu skolpleiðslu austan sjúkrahússins, uppsetningu og tengingu plastbrunnis á eldri lögn frá sjúkrahúsinu svo og vatnslögn við vatnskerfi bæjarins. Endurgjald fyrir aukaverk þessi miðaði stefndi við tímalaun og kostnað við aðkeypt efni, akstur o. fl.

Stefndi gerði 12. mars 1993 tvo reikninga vegna verksins og stílaði þá á Innkaupastofnun ríkisins. Kvaðst hann hafa afhent þá Guðbjarti Ólafssyni, eins og hann hefði gert vegna fyrri verka, sem hann

hefði unnið vegna sjúkrahússins. Reikningur, að fjárhæð 1.043.018,67 krónur, var vegna lagnavinnu. Greiddi áfrýjandi héraðsnefnd Austur-Húnavetninga hann 21. maí 1993, eins og fyrir segir. Ágreiningur málsaðila er um hinn reikninginn, að fjárhæð 1.042.698,71 krónu, en stefnukrafan nemur þó 1.042.689 krónum. Segir stefndi reikninginn vera vegna verkþátta, sem hafi ekki verið samið um á grundvelli einingarverðs, þar á meðal jarðvegsvinnu. Er reikningur þessi sundurliðaður í héraðsdómi.

IV.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, eru málsaðilar sammála um, að stefndi vann verk það, sem hann krefur áfrýjendur um greiðslu fyrir. Aðila greinir ekki á um, að Guðbjartur Ólafsson hafi haft eftirlit með framkvæmd verksins fyrir hönd verkkaupa, að því er virðist allan verktímann. Af málsgögnum verður ekki ráðið, að ágreiningur hafi risið með stefnda og Guðbjarti, meðan á verkinu stóð, hvorki um vinnutilhögun né þörf á að vinna ákveðna verkþætti.

Stefndi hefur lagt fram reikning ásamt fylgiskjölum, sem sýna meðal annars sundurgreiningu á efni og vinnustundum ásamt einingarverði.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með vísun til röksemda héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, verður staðfest sú niðurstaða hans, að áfrýjanda héraðsnefnd Austur-Húnavetninga sé skylt að greiða stefnda 1.042.689 krónur.

Ágreiningslaust er, að reikningur fyrir verkið barst þessum áfrýjanda síðla marsmánaðar 1993. Með vísun til 3. mgr. 9. gr. vaxatalaga nr. 25/1987 verður hann dæmdur til að greiða dráttarvexti frá þeim tíma, svo sem greinir í héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda héraðsnefnd Austur-Húnavetninga gert að greiða stefnda málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Að öðru leyti fellur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður.

Áfrýjandi íslenska ríkið er sýkn af kröfum stefnda, Pípulagnaverktaka ehf. Málskostnaður milli þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjandi héraðsnefnd Austur-Húnavetninga greiði stefnda 1.042.689 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags og samtals 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 24. júlí 1997.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., var höfðað með stefnu, birtri 19. júní 1996 og áritaðri um birtingu 25. sama mánaðar.

Stefnandi er Pípulagnaverktakar hf., kt. 420169-2569, Árbraut 11, Blönduósi.

Stefndu eru fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa, kt. 660169-4749, Borgartúni 7, Reykjavík, og héraðsnefnd Austur-Húnavetninga, kt. 560189-2149, Brautarhvammi, Blönduósi.

Dómkröfur stefnanda.

Þess er krafist, að fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa og héraðsnefnd Austur-Húnavetninga, verði dæmdir til að greiða stefnanda óskipt 1.042.689 kr. með dráttarvöxtum samkv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. maí 1993 til greiðsludags.

Til vara er þess krafist, að stefndi fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa og héraðsnefnd Austur-Húnavetninga verði dæmdir til að greiða stefnanda 1.042.689 kr. pro rata í hlutföllunum fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa 85%, en héraðsnefnd Austur-Húnavetninga 15%. Dráttarvaxta er krafist í dæmdar fjárhæðir sem í aðalkröfu.

Bæði í aðalkröfu og varakröfu er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu með hliðsjón af gjaldskrá Lögfræðipjónustunnar hf., í aðalkröfu óskipt, en í varakröfu pro rata í þeim hlutföllum, sem þar er krafist.

Dómkröfur stefnda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa.

Aðallega er þess krafist, að fjármálaráðherra verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Dómkröfur stefnda héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.

Aðallega er krafist sýknu af kröfum stefnanda og að málskostnaður verði tildæmdur úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins, en til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði í því tilviki látinn niður falla.

Málavextir.

Fyrri hluta árs 1991 var boðin út grófjöfnun lóðar og jarðvatnslagnir við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi. Gerði Þorvaldur Evensen verktaki tilboð í verkið, en áður hafði stefnandi gert Þorvaldi tilboð um að taka að sér sem undirverktaki, ef Þorvaldur fengi verkið, ákveðinn verkþátt samkvæmt útboðinu, þ. e. lagnir, brunna, niðurföll, vatnslagnir að brunahönum og snjóbræðslulagnir.

Að sögn stefnanda notaði Þorvaldur tilboðseiningarverð stefnanda sem grunn í tilboði sínu í ofangreinda verkþætti. Þegar Þorvaldur fékk verkið, vann stefnandi þessa verkþætti sem undirverktaki í samræmi við það verð, sem hann hafði samið um við Þorvald. Að sögn stefnanda var engin jarðvegsvinna innifalin í þeim verkþáttum, sem stefnandi vann. Sú vinna hafi ekki heldur verið innifalin í því tilboði, sem stefnandi gerði Þorvaldi. Þá vinnu hafi Þorvaldur unnið sjálfur, og var þessi verkþáttur tilgreindur sérstaklega í útboðsgögnum.

Er vinnu samkvæmt ofangreindu tilboðsverki var lokið, í sumarbyrjun 1992, var gert munnlegt samkomulag á milli forráðamanns stefnanda, Jóhannesar Péturssonar, og hins vegar þáverandi bæjarstjóra á Blönduósi, Ófeigs Gestssonar, og bæjartæknifræðings, Guðbjarts Ólafssonar, þess efnis, að stefnandi tæki að sér að ljúka við lagningu skolp- og vatnslagna í bílaplan heilsugæslustöðvarinnar. Þessi verkþáttur hafði ekki verið með í útboðinu á sínum tíma.

Stefnandi telur, að samið hafi verið um, að verð á lagnavinnu væri hið sama og hafði verið í tilboði Þorvalds Evensen vorið 1991, þar sem stefnandi hafði unnið á því verði fyrir Þorvald, sbr. verksamning, dags. 11. júní 1991, milli stefnanda og Þorvalds Evensen og ljósrit úr tilboðsskrá Þorvalds.

Hins vegar var að sögn stefnanda samið um það, að öll jarðvegsvinna væri unnin í tímavinnu.

Eftir að verkið var hafið, var að sögn stefnanda óskað eftir því af bæjartæknifræðingi, að stefnandi annaðist einnig nokkra vinnuþætti til viðbótar, þ. e. vinnu við niðurföll og brunna í bílaplan svo og lagningu skolplagnar austan við héraðssjúkrahúsið og tengja hana skolpbrunni, sem þar var, en jafnframt að setja upp plastbrunn á eldri lögnum frá héraðssjúkrahúsinu og tengja sama skolpbrunn. Mikið múrbrot fylgdi þeirri tengingu að sögn

stefnanda, þar sem gömul skolplögn var þar fyrir. Einnig hafi þess verið óskað, að stefnandi tengdi vatnslögn við vatnskerfi bæjarins, og hafi spindillokar og brunahanar verið settir á lögnina.

Stefnandi kveðst hafa unnið meginhluta verksins sumarið 1992, en lokið því um mánaðamótin febrúar/mars 1993 og þá skrifað reikninga á Innkaupastofnun ríkisins, sem honum hafi verið tjáð, að bæri að greiða fyrir verkið. Annars vegar skrifaði stefnandi reikning vegna lagnavinnu á grundvelli þess einingarverðs, sem Þorvaldur Evensen hafi boðið í tilboðsverkið frá 1991, og hins vegar reikninga á grundvelli tímagjalds og efnisnotkunar í þá verkþætti, sem tengdust jarðvegsvinnunni og þeim viðbótarverkum, sem honum hafi verið falið að annast.

Reikningur nr. 115144 vegna lagnavinnu, að fjárhæð 1.043.018,67 kr., var greiddur með gíróseðli 21. maí 1993.

Reikningar vegna jarðvegsvinnu og viðbótarverka voru ekki greiddir. Í bréfi til stefnanda frá Blönduósbae, dags. 15. nóvember 1993, segir, að verkkaupar telji, að samið hafi verið við stefnanda um að vinna allt verkið á einingarverði, sem unnið hafi verið eftir í áðurnefndu tilboðsverki Þorvalds Evensen. Samkvæmt þessu samkomulagi hafi verið gerð kostnaðaráætlun, 935.550 kr., fyrir allt verkið. Í bréfinu segir jafnframt, að reikningur samkvæmt magnskrá og einingarverði hafi verið greiddur 21. maí 1993 með verðbótum, 1.074.220 krónum.

Reikningurinn, sem greiddur var 21. maí 1992, var samkvæmt fram lögðum gíróseðli að fjárhæð 1.043.018,67 kr.

Málsástæður og rökstuðningur stefnanda.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að óumdeilt sé, að stefnandi hafi unnið það verk, sem hann hafi reikningsfært. Ekki hafi verið gerður skriflegur samningur um verkið, en stefnandi reisi kröfugerð sína á því, að samið hafi verið um, að hann ynni hliðstæða verkþætti og hann hafi verið með í tilboðsverki Þorvalds Evensen, þ. e. lagnavinnuna, á sama einingarverði og fram hefði komið í tilboði Þorvalds á sínum tíma, en að öll jarðvegsvinna skyldi unnin í reikningsvinnu svo og aðrir verkþættir, sem síðar hafi verið óskað eftir, að stefnandi ynni.

Fram hafi komið í bréfum frá þeim aðilum, sem voru í forsvari fyrir verkkaupa, þ. e. í greinargerð bæjarteknifræðings, dags. 17. mars 1993, og bréfi bæjarstjóra, dags. 15. nóvember 1993, að þeir telji hins vegar, að samið hafi verið við stefnanda um að vinna allt verkið á einingarverði, sem unnið hafi verið eftir í tilboðsverki Þorvalds Evensen. Í báðum þessum skjölum sé staðfest, að fyrst eftir gerð þessa samkomulags hafi verið gerð kostnaðar-

áætlun af verkkaupa, sem hafi hljóðað upp á 935.550 kr. Stefnanda hafi verið ókunnugt um þessa kostnaðaráætlun.

Þess misskilnings virðist hafa gætt við gerð þessarar kostnaðaráætlunar, að jarðvinna sé hvergi reiknuð, ekki einu sinni á grundvelli þess einingarverðs, sem var í tilboði Þorvalds Evensen á sínum tíma. Í tilboði Þorvalds hafi þessi verkþáttur þó verið reiknaður til mun hærri fjárhæðar en sjálf lagnavinnan. Þá séu nokkrir þættir reiknaðir mun lægri en í tilboði Þorvalds og ekki tekið tillit til þeirra verkþátta, sem stefnanda hafi síðar verið falið að ljúka.

Stefnandi hafi ekkert þekkt til einingarverðs fyrir jarðvegsvinnuna í tilboði Þorvalds Evensen frá árinu 1991. Verkþáttur stefnanda í verkinu, sem unnið var 1991, hafi aðeins tengst lagnavinnu.

Stefnandi vísar til liða 3.1, 3.2, 3.3 og 3.4 í verklýsingu og tilboðsskrá með útboðsgögnum um grófjöfnun lóðar og jarðvatnslagnir við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi. Þessir liðir varði frárennsli og hafi verið þeir þættir, er stefnandi vann við sem undirverktaki hjá Þorvaldi. Hafi því aldrei komið til greina, að hann færi að vinna jarðvinnuna á einingarverði, sem hann þekkti ekki til. Þessi verkþáttur hafi aldrei verið magntekinn eða mældur. Það hefði verið mjög óeðlilegt fyrir stefnanda að samþykkja að vinna jarðvinnuna á sama einingarverði og Þorvaldur hafði gert árið áður, þar sem þá hefði verið um að ræða mun meira magn.

Jarðvinnan, þ. e. gröftur fyrir lögnunum og fylling yfir þær, hafi þess vegna verið reikningsfærð á grundvelli tímagjalds, eins og stefnandi hafi talið um samið. Hið sama hafi verið gert varðandi þau viðbótarverk, sem óskað var eftir.

Hins vegar byggist einingarverð í reikningi stefnanda nr. 115144, þ. e. fyrir sjálfa lagnavinnuna, einungis á því einingarverði, sem fram hafi komið í tilboði Þorvalds Evensen vegna þessara verkþátta.

Það komi skýrt fram í tilboðinu, sem Þorvaldur Evensen gerði á sínum tíma og hluti samkomulags aðila byggist á, að öll jarðvinna hafi verið reiknuð sérstaklega, óháð sjálfri lagnavinnunni. Í tilboði hans hafi verið gert ráð fyrir, að gröftur fyrir lögn, samtals 435 metrar, kostaði 1.004.056 kr. eða að meðaltali á metra 2.308 kr., og fylling yfir lögn, samtals 435 metrar, 1.370.553 kr. eða að meðaltali á metra 3.150 kr. Ef taka ætti mið af tilboði Þorvalds Evensen vegna jarðvinnunnar, ætti því að reikna þann þátt í verki stefnanda $(2.308 + 3.150) \times (40 \text{ metrar} + 100 + 80)$ eða samtals 1.200.760 kr. Sé eðlilegt að miða við meðaltalskostnað á metra, þar sem ekki liggi fyrir mælingar á dýpt lagnaskurða. Stefnandi eigi ekki að líða fyrir það, þótt þau mistök hafi orðið við gerð kostnaðaráætlunar hjá verkkaupa, að sleppt var þessum verkþætti.

Óumdeilt sé, að stefnandi hafi síðar verið beðinn að vinna nokkra verkþætti, sem höfðu ekki komið fram í tilboði Þorvalds og þeir því unnir á grundvelli tímagjalds. Í útreikningi bæjartæknifræðings frá 17. mars 1993, þar sem hann telji, að stefnanda beri 1.074.220 kr. fyrir verk sitt, sé allri jarðvinnu sleppt. Þá sé reiknað með 85.000 kr. fyrir tvo brunna með steypujárnslokum í stað þess, að samkvæmt tilboði Þorvalds Evensen ætti að reikna hvern brunn á 154.000 kr. eða á samtals 308.000 kr.

Reikningsfærsla stefnanda samkvæmt fram lögðum reikningum sé í samræmi við það, sem hann hafi talið, að samið hafi verið um, og að hans mati í alla staði sanngjörn. Þ. e. annars vegar reikningsfærsla fyrir lagnavinnu á grundvelli einingarverðs, sem var í tilboði Þorvalds Evensen frá 1991, og hins vegar reikningsfærsla á grundvelli tímagjalds vegna jarðvegsvinnu og aukaverka, er síðar komu til. Jarðvegsvinnan hafi ekki verið inni í lagnavinnunni í verklýsingu eða tilboðsskrá í útboðinu 1991. Sé þessi þáttur einnig lægri samkvæmt reikningi stefnanda en ef hann væri reiknaður samkvæmt meðaltali á einingarverði í tilboði Þorvalds Evensen í jarðvinnuna.

Skiptist reikningsfjárhæðin sem hér segir:

Reikningur nr. 115114, lagnavinna		kr. 1.043.018,67
Reikningur nr. 11545–46		
Tímavinna	kr. 387.332	
Akstur	– 33.300	
Vélavinna	– 222.000	
Jarðvegsþjappa	– 26.400	
Efni	– 168.477	
Virðisaukask.	– 205.189,71	kr. 1.042.698,71

Reikningur nr. 115114 sé vegna þeirra sömu verkþátta og hafi verið í lagnapættinum í tilboði Þorvalds Evensen árið 1991 og einingarverð í samræmi við hans tilboð í hliðstæða verkþætti.

Reikningar nr. 115145 og 115146 séu hins vegar yfir verkþætti, sem hafi ekki fallið undir lagnapáttinn og samið hafi verið um að vinna á grundvelli tímagjalds, þ. m. t. öll jarðvegsvinna. Með reikningunum fylgi vinnuseðlar og efnisnótur. Fyrir reikningurinn hafi verið greiddur 21. maí 1993.

Bæjartæknifræðingur Blönduósbæjar telji samkvæmt útreikningi sínum, dags. 17. mars 1993, að stefnanda beri að fá greitt fyrir verkið 1.074.220 kr. Í þessum útreikningi sé miðað við, að samið hafi verið um, að stefnandi ynni allt verkið á sama einingarverði og í tilboði Þorvalds Evensen. Hins vegar sé verkið eingöngu reiknað út á grundvelli einingarverðs í 3. lið í tilboði Þorvalds, þ. e. hvað varðar lagnavinnuna, en ekkert tillit tekið til þess, að öll jarðvegsvinna, þ. m. t. söndun, hafi hjá Þorvaldi verið unnin á grundvelli

sérstaks einingarverðs, sem fram komi í 2. lið í tilboði hans. Ef stefndu telji, að samið hafi verið við stefnanda um að vinna verkið á sama einingarverði og Þorvaldur vann sitt verk árið 1991, hefði að sjálfsögðu einnig átt að magntaka jarðvegsvinnuna og reikna hana út á grundvelli einingarverðs í 2. lið í tilboði Þorvalds frá árinu 1991.

Pá séu 1000 mm brunnar með járnloki aðeins reiknaðir á 85.000 kr. stk. í stað 154.000 kr. í tilboðinu frá 1991.

Á yfirlitsblaði með samanburði á einingarverði í tilboði Þorvalds Even- sen, reikningum stefnanda, áætlun héraðssjúkrahússins og útreikningi bæjartæknifræðings Blönduósbæjar komi glöggt fram, að áætlun héraðs- sjúkrahússins byggist eingöngu á áætluðum kostnaði við framkvæmdir á hluta af lagnavinnunni, en allri annarri vinnu, bæði jarðvinnu og aukaverk- um, sé sleppt. Í útreikningi bæjartæknifræðings sé hins vegar reiknað með aukaverkum, en allri jarðvinnu sleppt. Þá sé í báðum tilvikum brunnar með steypujárnslokum reiknaðir á mun lægra verði en í tilboði Þorvalds.

Forráðamenn Blönduósbæjar hafi verið í forsvari um alla samninga við stefnanda um verkið, en ekki liggi fyrir skriflegur samningur. Hins vegar liggi fyrir yfirlýsing héraðsnefndar um greiðsluábyrgð. Sá verkþáttur, sem mál þetta snýst um, sé samstarfsverkefni héraðsnefndar Austur-Húnavatns- sýslu og ríkissjóðs. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hafi samþykkt, sbr. bréf til stjórnar Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvarinnar á Blönduósi, dags. 18. júní 1992, að heimaaðilar tækju að sér framkvæmdir við endanlega lóðarlögun. Ráðuneytið muni síðan við gerð fjárlaga ársins 1993 leitast við að fá framkvæmdafé til verkefnisins.

Stefnanda hafi verið tjáð, er kom að reikningsgerð, að hann ætti að fram- vísa reikningum til Innkaupastofnunar ríkisins, nú Ríkiskaup, þar sem verkið tengdist Héraðssjúkrahúsinu á Blönduósi. Héraðsnefnd Austur- Húnavatnssýslu hafi hins vegar greitt stefnanda einn reikninganna.

Samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 skal framlag ríkis- sjóðs til sjúkrahússbygginga og heilsugæslustöðvar vera 85%, en framlag hlutaðeigandi sveitarfélags 15%. Þrátt fyrir þessa skiptingu telur stefnandi eðlilegt, sérstaklega með vísan til aðdraganda þessa máls, að krefjast aðal- lega óskiptrar greiðsluábyrgðar. Jafnframt er af hálfu stefnanda vísað til laga nr. 63/1970 með síðari breytingum og auglýsingar A 96/1969, sbr. A 1/ 1984.

Af hálfu stefnanda er vísað til meginreglna samningaréttar og kröfuréttar um gildi samninga svo og 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Um dráttarvaxtakröfuna er vísað til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. síðari breytingar.

Varðandi samlagsaðild er vísað til 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Aðalkrafan er jafnframt reist á þeirri meginreglu, að greiðsluskuldbinding sé óskipt, ef fleiri menn hafi lofað greiðslu og ekki sé öðruvísi um samið.

Krafa um málskostnað er rökstudd með vísan til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og rökstuðningur stefnda fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa.

Af hálfu þessa stefnda er því haldið fram, að deila aðila snúist um efni samnings vegna verks, sem stefnandi telji sig hafa unnið við byggingu Héraðssjúkrahússins á Blönduósi. Enginn slíkur samningur liggi fyrir af hálfu Ríkiskaupa á grundvelli laga um opinberar framkvæmdir, en þau lög kveði ekki á um greiðsluskyldu, heldur stjórnsýslulega tilhögun opinberra framkvæmda. Deila um greiðsluskyldu stefnda, héraðsnefndar Austur-Húnavatninga gagnvart stefnanda varði aðeins réttarsambandið þeirra í milli án tillits til þess, með hvaða hætti framlag ríkissjóðs til sjúkrahússbygginga er ákveðið í grein 34.3 í lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu. Greiðslufyrirkomulagi á grundvelli laga nr. 97/1990 ráði sveitarfélög og ríkissjóður til lykta, en í þessu tilviki hafi meðstefndi eingöngu verið viðsemjandi stefnanda. Í bréfi heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, dags. 18. júní 1992, til stjórnar sjúkrahússins hafi verið staðfest, að heimamenn tækju að sér framkvæmdir við endanlega lóðarlögun við sjúkrahúsið. Hafi ráðuneytið lýst yfir því, að reynt yrði að afla heimilda til þess á fjárlögum 1993, en ábyrgðist það ekki, og að fjármögnun og ábyrgð á greiðslu fyrir verkið yrði á hendi héraðsnefndarinnar. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1996 stýri sveitarfélög málefnum sínum sjálf og á eigin ábyrgð, sbr. 76. gr. (nú 78. gr.) stjórnarskrár lýðveldisins nr. 33/1944. Eðli máls samkvæmt eigi sama við um sjálfstæði og ábyrgð meðstefnda, sbr. 97. gr. sveitarstjórnarlaga. Af framangreindum ástæðum telur stefndi ríkissjóður vegna Ríkiskaupa, að hann beri ekki skyldu gagnvart stefnanda, hvorki skipta né óskipta, og því beri að sýkna hann samkvæmt 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Verði ekki á aðildarskort fallist, er því mótmælt, að komist hafi á samningur við stefnanda um að greiða honum sérstaklega fyrir jarðvinnu umfram það, sem greitt var samkvæmt heildarkostnaðaráætlun, en samkvæmt samkomulagi við stefnanda hafi slík áætlun verið gerð fyrir það verk, sem hann tók að sér. Þannig hafi verið samið um ákveðna heildarupphæð fyrir verkið, að fjárhæð 935.550 kr. Með greiðslu á 1.043.018,67 kr. hafi endanlega verið staðin skil á kröfu stefnanda ásamt verðbótum. Komi fram í bréfi

tæknifræðings Blönduósbæjar, dags. 6. júní 1995, að formaður byggingarnefndar hafi samið svo um við stefnanda, að unnið yrði við lokafráganginn á því einingarverði sem samið hafi verið um við Þorvald Evensen. Á því muni kostnaðaráætlun héraðsnefndar Austur-Húnavatnssýslu hafa byggst. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir tilvist og efni samkomulags um annað en greitt var fyrir. Engin gögn eða haldbær rök hafi komið fram af hálfu stefnanda um, að hann hafi haft aðra verkþætti með höndum, sem væru utan einingarverðs og kostnaðaráætlunar. Ekkert bendi til, að samið hafi verið sérstaklega um aukaverk. Hafi verkið orðið umfangsmeira en samningur samkvæmt kostnaðaráætlun ráðgerði, verði stefnandi að bera hallann af því að hafa vanmetið verkið. Ekki hafi verið beðið um heimild eða staðfestingu á aukaverkum á framkvæmdatímanum eða þau nefnd munnlega eða skriflega, svo sem fram komi í bréfi bæjarstjóra Blönduósbæjar, dags. 15. nóv. 1993. Ekki hafi verið samið sérstaklega um greiðslu fyrir aukaverk, og er kröfum stefnanda af þeim sökum mótmælt.

Stefnandi haldi því fram, að hann hafi ekki kannast við annað en samið hafi verið um, að lagnavinnuna, eins og hún var skilgreind í verklýsingu í útboðinu frá 1991, hafi átt að vinna á sama einingarverði og í tilboði Þorvalds Evensen frá 1991. Jarðvinnan hafi hins vegar verið samkvæmt reikningsvinnu. Í þessari málsástæðu felist þversögn miðað við það, sem fram komi í stefnu, að hann hafi ekkert þekkt til einingarverðs í tilboði Þorvalds vegna jarðvegsvinnu, en um hafi verið að ræða eina verklýsingu frá 1991. Málsástæða stefnanda, sem áður hafi verið undirverktaki Þorvalds Evensen, um ókunnugleika á tilboði Þorvalds fái því ekki staðist.

Til stuðnings lækkunarkröfu stefnda er bent á, að ekki sé fallist á reikningsfærslu stefnanda, sem unnin sé af honum einhliða, en ekki í samráði við verkkaupa. Sé reikningsgerðinni því mótmælt, og geti ekki komið til greiðslu endurgjalds fyrir þessa vinnu stefnanda nema að álitum dómsins. Af þeirri fjárhæð verði stefndi ríkissjóður vegna Ríkiskaupa aldrei réttilega krafinn um meira en nemi 85% hluta.

Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt, og gagnvart ríkissjóði verði þeir ekki reiknaðir nema frá þingfestingu eða dómsuppsögu, þar sem ríkissjóði hafi aldrei verið ritað rökstutt kröfubréf vegna þessa ágreinings, áður en til málshöfðunar kom. Í þessu sambandi er vísað til 9. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Til stuðnings kröfum um málskostnað er vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda héraðsnefndar Austur-Húnavetninga.

Því er mótmælt, að komist hafi á samningur aðila um, að stefnda bæri að greiða stefnanda sérstaklega fyrir aukaverk. Héraðsnefnd haldi því fram, að samið hafi verið um ákveðna fjárhæð fyrir heildarverkið, upphaflega 935.550 kr., sem síðan hafi verið fallist á að ljúka með því að greiða stefnanda 1.043.018,67 kr. Um fullnaðar- og lokauppgjör hafi verið að ræða af hálfu héraðsnefndar. Um enga samninga, hvorki skriflega né munnlega, sé að ræða, þess efnis, að samið hafi verið um annað, hvorki við héraðsnefnd né Ríkiskaup. Þá hafi engar athugasemdir komið fram af hálfu stefnanda, meðan verkið var unnið. Verkfundir og/eða fundargerðir vegna verksins hafi ekki verið haldnir, enda óþarft að mati héraðsnefndar, þar sem samið hafi verið um ákveðna fjárhæð í upphafi verks. Kröfum stefnanda fyrir aukaverk er því sérstaklega mótmælt. Beri stefnandi samkvæmt grundvallarreglum samninga- og kröfuréttar ótvíræða sönnunarbyrði fyrir því, að samist hafi um annað og meira en stefndi og Ríkiskaup halda fram og gögn héraðsnefndar og kostnaðaráætlun beri með sér. Þar sem slík sönnun hafi ekki tekist af hálfu stefnanda, beri að sýkna stefnda héraðsnefnd Austur-Húnavetninga af öllum kröfum stefnanda.

Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990 greiði ríkissjóður 85% kostnaðar við byggingu og búnað heilsugæslustöðvar svo og aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva á móti 15% framlagi sveitarfélaga. Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. sömu laga nemi framlög ríkissjóðs til sjúkrahússbygginga 85% af kostnaði við byggingu og búnað, en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Við hlutverki fyrri sýslunefnda hafi nú tekið héraðsnefndir, en hlutverk margra þeirra sé m. a. að sjá um rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á vegum sveitarstjórna. Héraðsnefndirnar séu sjálfstæður lögaðili, sem skipaðar séu sjálfstæðum stjórnnum, hafi sjálfstæðan fjárhag og framkvæmdastjóra. Þeim beri að standa skil á 15% framlagi sveitarfélaga þeirra, sem aðild eiga að viðkomandi héraðsnefnd. Aðalkrafa stefnanda á hendur báðum stefndu með „sólídarískum“ hætti standist ekki ákvæði laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Þar komi fram með skýrum hætti kostnaðarskipting ríkisins og sveitarfélaga í verkum sem þessum.

Varakrafa stefnda héraðsnefndar Austur-Húnavatnssýslu er á því reist, að reikningsfærsla stefnanda vegna aukaverka sé gerð einhliða og án nokkurs samráðs við stefndu. Reikningsgerðinni er mótmælt sem slíkri, og telur stefndi hana alls ekki á rökum reista. Telji dómurinn, að til greiðslu beri að koma úr hendi stefndu, heldur héraðsnefnd því fram, að með vísan til einhliða reikningsfærslu stefnanda geti endurgjald fyrir vinnu stefnanda aðeins

komið að álitum dómsins. Af slíkri fjárhæð verði stefndi héraðsnefnd Austur-Húnavetninga aldrei réttilega krafín um meira en nemur 15%.

Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt, og verði þeir ekki reiknaðir nema frá þingfestingardegi eða dómsuppsögu, sbr. ákvæði vaxtalaga nr. 25/1987.

Auk framangreindra raka og lagatílvitnana er vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttar um, að samninga skuli halda, meginreglna samningalaga nr. 7/1936 með síðari breytingum, almennra reglna réttarfars um sönnunarbyrði og laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Hver sem úrslit málsins verði, gerir stefndi héraðsnefnd Austur-Húnavetninga kröfu til þess, að sér verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt mati dómsins, sbr. XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi Jóhannes Pétursson, fyrirvarsmaður stefnanda, Ófeigur Gestsson, formaður og framkvæmdastjóri byggingarnefndar Héraðssjúkrahússins á Blönduósi, og Guðbjartur Ólafsson bæjartæknifræðingur.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er, að stefnandi hafi unnið það verk, sem hann krefur um greiðslu fyrir.

Ágreiningsefni málsaðila eru þau í fyrsta lagi, hvernig samið hafi verið um endurgjald til stefnanda fyrir verk hans, það er, hvort samið hafi verið um ákveðna heildarupphæð fyrir verkið, 935.550 kr., og sú fjárhæð sé að fullu greidd með verðbótum með greiðslu þeirri, sem innt var af hendi 21. maí 1993, að fjárhæð 1.043.018,67 kr. Í öðru lagi er ágreiningur um greiðsluskyldu hvors stefnda um sig og jafnframt um upphafstíma dráttarvaxta.

Meðal skjala málsins er áætlun um frágang aðkomu, bílastæða og grænna svæða við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi 1992, dagsett í júní 1992, undirrituð af Ófeigi Gestssyni, formanni byggingarnefndar. Að sögn Ófeigs hér fyrir dómi var kostnaðaráætlun þessi gerð eftir samninginn við stefnanda. Ekki var hún kynnt stefnanda. Einnig að sögn Ófeigs var samningurinn við stefnanda ótengdur tilboði Þorvalds Evensen frá árinu áður, en notast hafi verið við tölur úr tilboðinu, þegar þeir Ófeigur og Guðbjartur Ólafsson bæjartæknifræðingur voru að gera sér hugmynd um verð fyrir verkið.

Fram kom hjá Guðbjarti Ólafssyni hér fyrir dómi, að fjárhæðin 935.550 kr. undir 3. lið í ofangreindri kostnaðaráætlun hefði stuðst við kostnaðartölur úr fyrra verki. Engin ágreiningsefni hafi komið upp, meðan á verki stefnanda stóð. Hann mundi ekki, hve langan tíma verkið tók, en taldi það hafa tekið skamman tíma. Hafi verið mikil pressa á verkinu. Ekki hafi verið haldnir verkfundir. Ekki mundi Guðbjartur eftir því, að nokkur efniskostnaður hefði fallið á verkkaupa.

Í framangreindri áætlun er undir 3. lið áætlaður kostnaður við frárennslislagnir, brunna og niðurföll, 935.550 kr. Það er sama fjárhæð og haldið er fram af hálfu stefndu, að hafi verið kostnaðaráætlun vegna verks stefnanda. Í þessum lið áætlunarinnar er ekkert um jarðvinnu vegna þessa verkhluta og ekki heldur neitt um brunna með járnloki, en lagfæring á brunnum er innifalin í áætluninni.

Í fram lögðu yfirliti, undirrituðu af Guðbjarti Ólafssyni bæjartækni-fræðingi 17. mars 1993, er það talið í ellefu liðum, sem fallist er á að greiða stefnanda. Þar er ekki heldur neitt vegna jarðvinnu, en í þessum ellefu liðum eru þrjú atriði, sem eru ekki á reikningi nr. 115144, þ. e. ristar og karmar, hækkun á brunnum og járnlok á þá, samtals 193.609 kr. Samtala á þessu yfirliti er 1.008.719 kr. + verðbætur, 65.501 kr.

Stefndi greiddi 21. maí 1993 reikninginn nr. 115144 með 1.043.018 kr., en inni í fjárhæð reikningsins var m. a. greiðsla fyrir tvo brunna með járnloki, 308.000 kr.

Ekki var gerð verklýsing vegna vinnu stefnanda við lóð Héraðssjúkrahússins á Blönduósi árið 1992, og ekki voru gefnar upp magntölur. Verður því að telja ósannað, að stefnandi hafi samið um ákveðið heildarverð fyrir upphaf verks. Ekki var gerður skriflegur verksamningur við stefnanda. Fram er komið, að verkið átti að vinna með hraða.

Það, sem hér hefur verið rakið, leiðir í ljós, að gleymst hafi hjá verkkaupa að reikna með kostnaði vegna jarðvinnu.

Hinir sérfróðu meðdómendur segja, að jarðvinna vegna lagna sé nær undantekningarlaust sérstakur liður í verklýsingum og tilboðsskrám, og svo hafi einnig verið í verklýsingu um grófjöfnun lóðar og jarðvatnslagnir við Héraðssjúkrahúsið á Blönduósi frá því í febrúar 1991. Jarðvinna í þessu sambandi falli ekki undir hugtakið aukaverk.

Því er ómótmælt, að stefnandi hafi unnið þá jarðvinnu, sem hann krefst greiðslu fyrir.

Meðdómendurnir telja reikninga stefnanda, en þeim fylgja vinnuseðlar og efnisnótur, eðlilega, einkum þegar tekið er tillit til þess, að verkið var unnið í tímahraki.

Með vísan til framanritaðs verður aðalkrafa stefnanda tekin til greina með vöxtum, eins og segir í dómsorði, enda verður að telja kostnaðarskiptingu aðila innbyrðis stefnanda óviðkomandi. Það voru fyrirsvarsmenn verkkaupa, sem sömdu við stefnanda, og samkvæmt skjölum málsins höfðu þeir heimildir beggja stefndu til þess.

Stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 200.000 kr.

Dóminn kveða upp Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari, Bragi Þorsteinsson verkfræðingur og Vífill Oddsson verkfræðingur.

D ó m s o r ð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna Ríkiskaupa og héraðsnefnd Austur-Húnavetninga, greiði in solidum stefnanda, Pípulagnaverktökum hf., 1.042.689 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. maí 1993 til greiðsludags og 200.000 kr. í málskostnað.
